



Til sveitarstjórna

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 11. október 2021
Tilv.: SRN21020047/4.11.2

Efni: Breyting á reglugerð 1212/2015 vegna reikningsskil sveitarfélaga

Í reglugerð 1212/2015 er fjallað um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Eins og kunnugt er gaf samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra út breytingu á reglugerðinni þann 15. febrúar sl. þar sem orðalagi 3. mgr. 20. gr. „Eignarhlutir í öðrum félögum“ var breytt. Ákvæði greinarinnar tóku gildi fyrir reikningsskil sveitarfélaga á árinu 2021.

Eldri ákvæði 3. mgr. 20. gr.

„Byggðasamlög sveitarfélags sem falla undir B-hluta þess skulu í samanteknum reikningsskilum meðhöndluð á sama hátt og fyrirtæki sveitarfélags. Í skýringum ársreiknings sveitarfélags skal þó sérstaklega gerð grein fyrir hlutdeild sveitarfélagsins í heildareignum og heildarskuldum byggða-samlagsins.“

Ný ákvæði 3. mgr. 20. gr.

„Byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skulu færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.“

Með breyttum ákvæðum 20. gr. er nú gert skylt að færa inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags vegna byggðarsamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annara félagaforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags.

Tilgangur bréfs þessa er tvíþættur. Annars vegar að minna sveitarfélög á framangreinda reglugerðarbreytingu og hins vegar að hvetja sveitarfélög til að hafa samband við nefndina ef upp koma álitaefni um framkvæmd þeirra reikningsskila sem ákvæðið felur í sér. Nú þegar

langt er liðið á fjárhagsárið 2021 er mikilvægt að huga vel að breyttum reikningskilum vegna árshlutauppgjöra, fjárhagsáætlunargerðar og ársuppgjörs.

Fyrir hönd reikningskila- og upplýsinganefndar

Ágúst Kristinsson
formaður

Eiríkur Benónýsson